


BREYTING Á AÐALSKIPULAGI STYKKISHÓLMS 2002-2022



GILDANDI SKILMÁLAR.

Í gildi er aðalskipulag Stykkishólms 2002-2022. Það var samþykkt í Bæjarstjórn Stykkishólms þann 21. mars 2002 og staðfest af ráðherra þann 9. júlí 2002.

Í greinargerð með gildandi aðalskipulagi segir um óbyggð svæði.


3.3.5 ÓBYGGÐ SVÆÐI

Óbyggð svæði eru meðfram strandlengjunni, Súandisey og Heljarmýri auk þess sem holt meðfram þjóðvegnum er skilið eftir til að skýla athafnasvæði.

Í greinargerð með gildandi aðalskipulagi segir um sorpförgun.

3.3.12 VEITUR OG SORPFÖRGUN

Gámastöð fyrir móttöku og flokkun sorps er staðsett á athafnasvæði austan við flugvöllinn, en þaðan er farið með sorpið til förgunar í Fífholt á Mýrum.



BREYTING Á AÐALSKIPULAGI STYKKISHÓLMS 2002-2022.

Breytingin felst í að óbyggðu svæði við Ögur u.þ.b. 1,4 ha að stærð er breytt í iðnaðarsvæði 1-2.

Rökstuðningur fyrir óverulegri breytingu. Landnotkun samkvæmt aðalskipulagi er óbyggð svæði en verður iðnaðarsvæði með breytingunni. Iðnaðarsvæðið verður einungis nýtt sem urðunarsvæði fyrir óvirkan úrgang og um það gilda skilmálar tilgreindir hér að neðan. Breytingin er ólíkleg til að hafa áhrif á einstaka aðila þar sem svæðið er aðeins 1,4 ha og um óbyggð svæði er að ræða. Breytingin er í samræmi við stefnu aðalskipulagsins þar sem stefnt er að því að hagkvæmni sé gætt í vali á staðsetningu á hverskonar starfsemi. Á svæðinu hefur Stykkishólmsbær starfrækt urðunarstað fyrir óvirkan úrgang frá árinu 2000. Landnotkun hefur því verið eins og á iðnaðarsvæðum. Með þessari breytingu á aðalskipulaginu er verið að laga skipulagið að nýtingu svæðisins til margra ára.

Um nýtt iðnaðarsvæði 1-2 gilda eftirfarandi skilmálar. Svæðið er urðunarstaður og geymslustaður fyrir úrgangstímur til jarðgerðar. Heimilt er að urða allt að 500 tonnum af óvirkum úrgangi á ári háð starfsleyfi frá Umhverfisstofnun. Áætluð heildarmóttökugeta urðunarstaðarinnar er 9000 tonn og áætlaður rekstartími urðunarstaðarinnar er 25 ár. Að rekstartíma loknum skal ganga frá svæðinu á sem náttúrulegastan hátt. Þá er heimilt að jarðgera eða endurvinna með sambærilegum hætti garðaúrgang og annan lífrænan úrgang á svæðinu. Allar þær ráðstafanir sem þarf til að urða og jarðgera eru heimilaðar en ekki er gert ráð fyrir að varanlegar byggingar verði reistar á svæðinu. Óheimilt er að taka á móti almennum úrgangi eða spilliefnum til förgunar á svæðinu.

Um svæðið við Ögur. Urðunarstaðurinn við Ögur er á sjávarhammi gegnt Lyngey. Fjarlægð frá urðunarstað að sjávarmáli er um 30 m. Strandlengjan á svæðinu nýtur sérstakrar friðunar samkvæmt lögum nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar. Tekið var á móti almennum úrgangi til urðunar á svæðinu fram til ársins 1999, en sú starfsemi lagðist af með tilkomu urðunarstaðar Sorpurðunar Vesturlands hf. í Fífholtum. Urðun þar hófst í ársbyrjun 2000. Frá árinu 2000 hefur því aðeins verið tekið á móti óvirkum úrgangi til urðunar við Ögur, auk þess sem svæðið hefur verið nýtt sem geymslusvæði fyrir úrgangstímur til jarðgerðar.

Með þessari breytingu á landnotkunarflokki svæðisins og fyrirhugaðri óbreyttri starfssemi er ekki verið að auka mengun á svæðinu. Ætla má að lyktar-, sjón-, og hávaðamengun breytist ekki frá því sem nú er. Umferð ökutækja að og frá svæðinu verður með svipuðum hætti og er í dag. Jarðgerð á svæðinu verður að teljast mjög jákvæð út frá umhverfissjónarmiðum vegna nálægðar við bæinn þar sem ekki þarf að aka úrgangi langan veg. Þá verður ekki séð að þessi starfsemi eigi betur heima annarsstaðar í landi Stykkishólms og verður það að teljast jákvætt að nýta áfram land sem notað hefur verið í þessum tilgangi í mörg ár.

Stefán Gíslason hjá Umhverfisráðgjöf Íslands hefur unnið gögn í tengslum við endurnýjun starfsleysis fyrir urðunarstaðinn þau eru: Endurnýjun starfsleysis vegna urðunar óvirkis úrgangs við Ögur í Stykkishólmsbæ. Minnisblað um mat á umhverfisáhrifum. Áhættumat og viðbragðsáætlun fyrir urðunarstað fyrir óvirkan úrgang við Ögur í Stykkishólmsbæ.

SKIPULAGSSKÝRINGAR

- ÞÉTTBÝLI
- ÓBYGGÐ SVÆÐI
- LANDBÚNAÐUR
- NÁTTÚRUVERNÐARSVÆÐI SVÆÐI Á NÁTTÚRUMINJASKRÁ
- SVEITARFÉLAGSMÖRK
- FLUGBRAUT
- STOFNBRAUT
- IÐNAÐARSVÆÐI



Mynd frá 2016 af urðunarstaðnum. Loftmyndir ehf.

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í bæjarstjórn þann 13. Mars 2019.

Kalab Ólafsson
Stykkishólmur

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann 13. Mars 2019.

Katla Hildur Jóhanna Hann Einarsson
Stykkishólmur

AÐALSKIPULAG STYKKISHÓLMS AÐALSKIPULAGSBREYTING

Stykkishólmur Bærin við eyjarnar		A - 01	GLÁMA·KÍM
Útgáfud.: 21.10.2019	Mkv.: 1:50.000 m.v. A2	Arkitektar Laugavegi 164 ehf, 105 Reykjavík s: 530-8100, f: 530-8101, kt: 560 496 2739 glamakim@glamakim.is, www.glamakim.is	
Verkur: 1802016	Töln. BBJ	Yfirf. BBJ/ST	

BANNAÐ ER AÐ MÆLA AF TEKNINGUM
TEKNINGU ÞESSA MÁ EKKI ENDURNÝTA MEÐ NENNUM HÆTTI AD HLUTA TILA EÐI A HÉLD AN SKRIFLESS LEYFIS HÖFUNDR